



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.07.19
Málalykill	00.10.1
	1907029



Garðabæ, 1. júlí 2019

Efni: Stuðningur við framkvæmd Íslandsmóts Golfklúbba karla og kvenna 26-28 júlí

Íslandsmót Golfklúbba í 1. deild er stærsti viðburður í golfhreyfingunni samhliða Íslandsmótinu í golfi sem er einstaklingskeppni. Um er að ræða keppni bestu liða í holukeppni þar sem keppt er innbyrðis í tveimur riðlum. Sigurvegari verður svo krýndur Íslandsmeistari Golfklúbba.

Sú nýbreytni verður í ár að tveir klúbbar halda þessa uppskeruhátíð sumarsins, Gofklúbbur Kópavogs og Garðabæjar og Golfklúbburinn Oddur. Keppt verður á báðum völlum samtímis hjá körlum og konum. Er þetta gert til þess lyfta mótinu á hærrí stall og sýna því þá virðingu sem það á skilið sem og tryggja það að mótsumgjörð sé hin sama hjá körlum og konum. Verður sama fyrirkomulagið haft árið 2020.


Við framvæmd mótsins á báðum stöðum verður lögð áhersla á góða upplýsingagjöf um stöðu úrslitaleikja úti á velli auk þess sem áhersla verður lögð á að aðstaða áhorfenda verði sem best. Er það gert til að laða að áhorfendur og þá sérstaklega þegar kemur að úrslitaleikjum á sunnudeginum. Í þessu sambandi höfum við þróað hugbúnaðarlausn sem nýtist í farsímum. Munum við einnig kynna mótið og auglýsa fyrir áhugamönnum um golf í vikunni fyrir mótið.


Ljóst er að kostnaður okkar af mótshaldinu er töluverður og þurfum við meðal annars stuðning frá sveitarfélögunum til að endar náist saman. Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun vegna mótsins.

Er það von GKG og GO að hvort sveitarfélag styrki okkur um sem nemur 500.000 krónum.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Fyrir hönd GKG og GO


Agnar Már Jónsson


Þorvaldur Þorsteinsson

Íslandsmót Golfklúbba 2019
Kostnaðaráætlun

Liðir	Gjöld
Skilti og merkingar	500.000
Teiggjafir (drykkir bananar út á velli etc)	300.000
Fæðiskostnaður sjálfboðaliða	500.000
Matur lokahóf	750.000
Dómarar	350.000
Yfirvinna starfsfólks	500.000
Prentun og pappír	150.000
Upplýsingamiðlun	150.000
Heildarkostnaður	3.200.000
Mótsgjöld	1.600.000
Styrkur frá Sveitafélögum	1.000.000
Tekjur samtals	2.600.000
Tap	-600.000